



Fundur í sveitarstjórn

51. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Grunnskólanum á Bakkafirði, fimmtudaginn 1. september 2016 og hófst kl 17:00.

Mætt voru: Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Dagrún Þórisdóttir, Þorsteinn Vilberg Þórisson, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson og Nína Björg Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Fundargerð 841. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 24. júní 2016.

Lögð fram til kynningar

2. Fundargerð 28. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 4. ágúst 2016.

Liður 1. Forkaupsréttur sveitarfélaga á aflaheimildum

Oddviti benti fundarmönnum sérstaklega á lið 1. í fundargerð og velti því upp að nú nýlega voru seldar aflaheimildir frá Bakkafirði án þess að sveitarfélaginu væri boðinn forkaupsréttur.

Bókun:

Sveitarstjórn Langanesbyggðar tekur efnislega undir bókun stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að afla gagna um nýlegan flutning aflaheimilda úr sveitarfélaginu.

Samþykkt samhljóða.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

3. Fundargerð 386. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 16. ágúst 2016.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

4. Fundargerðir stjórnar Eypings nr. 281, 282, 283 og 284.

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

5. Fundargerð stjórnar samrekstrar Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps, dags 31. maí 2016.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

6. Fundargerð 19. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar, dags. 25. ágúst 2016.



LANGANESBYGGÐ

Liður 2. Innsent erindi, umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir fiskvegagerð

Stjórn veiðifélags Miðfjarðar og Litlu-Kverkár hefur sótt um framkvæmdaleyfi fyrir fiskvegagerð í Miðfjarðará í Bakkaflóa.

Bókun:

Sveitarstjórn Langanesbyggðar staðfestir afgreiðslu umhverfis- og skipulagsnefndar.

Samþykkt samhljóða

Liður 4.b. Urðunarstaður við Bakkafjörð – undanþága frá starfsleyfi

Þann 15.08.2016 veitti Umhverfis- og auðlindaráðuneytið Langanesbyggð tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstað á Bakkafirði. Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum; sveitarfélagið skal eftir því sem við á starfa samkvæmt fyrri skilyrðum um starfsleyfi, auk laga og reglna sem við eiga. Undanþágan gildir til 01.05.2017.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar

7. Fundargerð 20. fundar Fræðslunefndar Langanesbyggðar, dags, 16. ágúst 2016.

Liður 1.b Starfsmannamál

Ekki tókst að ráða réttindakennara í allar stöður við Grunnskólann á Þórshöfn. Unnið hefur verið úr því með því að ráða leiðbeinendur.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

8. Auglýsing frá Orkusjóði um sérstaka styrki

Sveitarstjóri reifaði málið sem snýst um að Orkusjóður auglýsir nú lausa til umsóknar verkefnastyrki til verkefna sem leiða til lægri kostnaðar rafkyndingar húsnæðis eða mannvirkja í eigu sveitarfélaga. Umsóknarfrestur er til 01.10.2016. Sveitarstjóri leggur til að sveitarfélagið sækji um í Orkusjóð, til þess að svo megi verða þarf að kaupa einhverja sérfræðivinnu og aðstoð við gerð umsóknar.

U-listinn óskar eftir því að skrifstofa Langanesbyggðar sækji um styrk í Orkusjóð til að kanna fýsileika þess að leggja hitaveitu til Þórshafnar og nágrennis frá Öxarfirði. Í Öxarfirði er fyrir mikið magn af 90 til 100 gráðu heitu vatni sem er ekki mikið nýtt í dag. Það þyrfti að skoða möguleika á að leggja hitaveitulögn til Þórshafnar sem gæti líka nýst fyrir Raufarhöfn og sveitabæi á svæðinu sem eru á leið lagnarinnar. Ef ekki gengur að fá styrk frá Orkusjóði til að kanna þessa hugmynd þá leggur U-listinn til að athugað verði hvort hægt sé að sækja um styrki á öðrum stöðum eða að sveitarfélagið leggi út fyrir þessari athugun. Óskum eftir því að verkfræðistofa verði fengin til að gera kostnaðaráætlun fyrir fýsileikakönnun fyrir þessa hugmynd.

Bókun:

Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að vinna að umsókn í samræmi við ofangreint og kynna fyrir sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

9. Fjallalamb – boð um nýtingu forkaupsréttar

Á aðalfundi Fjallalambs hf. sem haldinn var í Fjallalambi þann 8. júlí síðastliðinn



LANGANESBYGGÐ

samþykkti stjórn félagsins að auka hlutfé þess um allt að 50 milljónir króna að nafnverði á genginu 1. Þetta er um 53,4% aukning hlutfjár og hafa hluthafar forkaupsrétt á hlutum í hlutfalli við hlutfjáreign sína. Sá hlutur sem Langanesbyggð stendur til boða að kaupa nemur að fjárhæð 529.270.- að nafnverði.

Oddviti tekur 5 mínútna fundarhlé kl. 17:33.

Fundur settur aftur 17:37.

Bókun:

Sveitarstjórn Langanesbyggðar vísar erindinu til Landbúnaðarnefndar til umfjöllunar.

Samþykkt samhljóða.

10. Ferðamálastofa – rökstuðningur vegna synjunar styrkumsóknar úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða

Lagt fram til kynningar.

11. Velferðarráðuneytið – viðbótarfjárveiting til hjúkrunarheimila með 20 rými eða færri

Þann 15. júlí 2016 tilkynnti Velferðarráðuneytið Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Nausti um aukna fjárveitingu að fjárhæð 5.037.912.- á árinu 2016.

Bókun:

Um leið og sveitarstjórn Langanesbyggðar fagnar fjárveitingu ráðuneytisins þá áréttar sveitarstjórn mikla þörf fyrir aukin framlög til hjúkrunarheimila og styrkari rekstrargrundvöll til lengri tíma.

Samþykkt samhljóða.

12. Systkinaafslættir af leikskólagjöldum

Lögð eru fyrir fundinn gögn vegna hugsanlegrar breytingar á gjaldskrá leikskóla sem rædd var á 49. fundi sveitarstjórnar.

Bókun:

Sveitarstjórn Langanesbyggðar vísar málinu heildrænt til umfjöllunar í Fræðslunefnd og Velferðarnefnd. Sveitarstjórn leggur í framhaldi til að málinu verði vísað til endurskoðunar gjaldskrár sveitarfélagsins í tengslum við komandi fjárhags-áætlunargerð að fenginni umsögn nefndanna.

Samþykkt samhljóða.

13. Erindi frá Svalbarðshreppi vegna ljósleiðaralagningar

Lagt er fram minnisblað unnið af sveitarstjóra í samræmi við umræður á 50. fundi sveitarstjórnar. Minnisblaðið er unnið vegna erindis frá Svalbarðshreppi sem snýr að þátttöku Langanesbyggðar í Fjarskiptafélagi Svalbarðshrepps. Fyrst um sinn með greiðslu 1.5 millj.króna hlutfjárframlags sem tryggja mun m.a. ljósleiðaralögn yfir Hafralónsá og þar með tengipunkt fyrir mögulega ljósleiðaravæðingu Langanesbyggðar.

Lagt er til að sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykki umrætt framlag til Fjarskiptafélags Svalbarðshrepps ásamt því að ráðgjafi verði fenginn sveitarfélaginu til aðstoðar hvað varðar frumhönnun á ljósleiðarakerfi Langanesbyggðar. Enda er það forsenda



LANGANESBYGGÐ

umsóknar í Fjarskiptasjóð. Horft verði til þess hvort aðrar lausnir en ljósleiðari gæti nýst á Langaneströnd og sveitinni norðan Þórshafnar. Samtala kostnaðar er nálægt 3 milljónum króna.

Bókun:

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir framlag til Fjarskiptafélags Svalbarðshrepps og felur sveitarstjóra að láta frumhanna ljósleiðarakerfi í sveitarfélaginu. Einnig er sveitarstjóra falið að leggja fyrir næsta reglulega fund sveitarstjórnar viðauka við fjárhagsáætlun í samræmi við ofangreint.

4 samþykka, Siggeir, Halldóra Jóhanna og Björn Guðmundur sitja hjá.

14. Finnafjörður – Heimsókn fulltrúa bremenports

Lagt er fram minnisblað vegna heimsóknar fulltrúa bremenports og EFLU Verkfræðistofu.

Þann 21. maí sl. var undirrituð í Alþingishúsinu viljayfirlýsing milli íslenskra stjórnvalda, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, bremenports GmbH & Co.KG og EFLU Verkfræðistofu um áframhaldandi samstarf um uppbyggingu stórskipahafnar í Finnafirði. Viljayfirlýsingin er framhald af samstarfssamningi sem viðkomandi aðilar undirrituðu í maí 2014. Viljayfirlýsingin tekur á þáttum sem koma þarf í farveg til þess að verkefnið geti þróast áfram. Í framhaldi af undirritun hafa átt sér stað samskipti milli fulltrúa sveitarfélaganna og samstarfsaðila varðandi næstu skref.

Dagana 13. til 15. september n.k. munu fulltrúar bremenports ásamt fulltrúa EFLU sækja okkur heim. Markmið heimsóknarinnar er að kynna stöðu verkefnisins fyrir íbúum og landeigendum ásamt og að funda með sveitarstjórnnum og embættismönnum beggja sveitarfélaga. Haft hefur verið samband við landeigendur og þeim boðið að hitta fulltrúa bremenports og embættismenn. Samstarfshópur sveitarfélaganna vinnur nú að útfærslu dagskrár og undirbúningi funda, nánari upplýsingar verða sendar út á næstu dögum.

15. Grunnskólinn á Þórshöfn – Framvinna og verkstaða

Lögð er fram skýrsla EFLU Verkfræðistofu um framkvæmdir í Grunnskóla Þórshafnar.

Miðvikudaginn 31. ágúst 2016 var Grunnskóli Þórshafnar settur eftir umfangsmiklar endurbætur, skólasetning var nánast upp á dag þremur mánuðum eftir upphaf framkvæmda. Framkvæmdum er þó ekki að fullu lokið, eftir er veggjasmíði, múrverk og uppsetning innréttinga í elsta hluta skólans og ýmis frágangur utanhúss. Áætluð verklok þeirra þátta er eftir standa eru eftir 4 til 6 vikur. Þegar framkvæmdum líkur þá verður skólahúsnæði Grunnskóla Þórshafnar að langmestu leiti endurnýjað og breytt.

Framkvæmdir reyndust, eins og fram hefur komið áður, umtalsvert umfangsmeiri en vonir og áætlanir geru ráð fyrir í vor. Af því leiðir að kostnaður hefur og mun aukast en ekki er ljóst hve mikið. Vonir standa þó til að kostnaðarauki verði minni en umfangsaukning verksins, tölur verða kynntar á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar. Lokauppgjör mun eðli máls samkvæmt ekki liggja fyrir fyrr en eftir lok framkvæmda.

Hvað varðar aukið umfang þá má nefna, og þá er fátt eitt nefnt, að innveggir í austurálm (B-hús) reyndust sýktir af myglu, sama átti við um austurgafli og veggir við norðurglugga, einnig reyndist gólfílogn ónýtt og þurfti að brjóta hana upp og fjarlægja. Að auki þurfti



LANGANESBYGGÐ

að endurnýja ílögn í tengibyggingu (anddyri). Hreinsa þurfti alla einangrun (vikurplötur) af útveggjum elsta hluta skólans (A-hús) og þarf að múra þá veggi upp á nýtt, endurnýja allar raflagnir og annað sem í veggjum var. Takast þarf á við leka í gluggum. Einangra þurfti þök sem reyndust óeinangruð. Einnig voru ýmsir þarfir hlutir framkvæmdir þar sem dýrara hefði verið að fara í þau verk seinna. Kostnaðarauki varð vegna þess að aukið umfang og eðli verkefnis ásamt þröngum tímaramma kallaði á aukinn mannafla.

Meginniðurstaða framkvæmdanna er að húsnaði Grunnskóla Þórshafnar er nú eins og best gerist á landinu.

16. Grunnskólinn á Þórshöfn – Loftræstikerfi

Lagt er fram minnisblað sem unnið er í framhaldi af 50. fundi sveitarstjórnar Langanesbyggðar. Í minnisblaðinu kemur fram að áætlaður heildarkostnaður við loftræstikerfi í Grunnskólanum á Þórshöfn er áætlaður 12.993.000.- Inn í þeirri fjárhæð er sú vinna sem nú þegar hefur verið framkvæmd og var unnin til þess að minnka risk af uppsetningu loftræstikerfis. Unnið hefur verið út frá þeirri forsendu að verktaki sá sem mun setja upp loftræstikerfi í sundlaugarrými íþróttamiðstöðvar setji upp loftræstikerfi í skólanum. Með því næst umtalsverð samlegð. Gengið er út frá því að gerður verði viðbótarverksamningur vegna þessa máls.

Öll hönnun kerfisins hefur tekið mið af því að gæta hagkvæmni og hámarka orkunýtingu í húsnaðinu. Þetta er gert með því að endurnýta varma úr útblásturslofti til hitunar á innblásturslofti. Samkvæmt minnisblaði EFLU er áætlaður orkusparnaður 48.000 kwh á ári. Lagt er til að sveitarstjórn heimili framkvæmdina og heimili viðbótarsamning við verktaka við íþróttahúsið, framkvæmdin fjármagnist með lánsfé.

Bókun:

Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að vinna verkið áfram á forsendum framlagðra gagna, gera verksamning og leggja fyrir næsta reglulega fund sveitarstjórnar ásamt útfærðum viðauka við fjárhagsáætlun.

4 samþykkja, Siggeir, Halldóra Jóhanna og Björn Guðmundur sitja hjá.

17. Rekstraryfirlit janúar til júní 2016

Sveitarstjóri fór yfir sex mánaða rekstraruppgjör sveitarfélagsins og svaraði spurningum. Rekstrarniðurstaða A-hluta er neikvæð um 15,5 millj. sem er 10,8 millj. verri afkoma en áætlun gerði ráð fyrir en 3,9 millj. betri afkoma en samtímaafkoma síðasta árs. Mestu ræður aukinn launakostnaður á Fræðsluviði, þar munar 9,1 millj. hvað varðar B-hluta sveitarsjóðs þá er hvað mestur munur á rekstrarniðurstöðu Hafnarsjóðs þar munar 36,2 millj. á áætlun og rauntölum, afkoma hafnarinnar er neikvæð um 19,5 millj. en áætlun gerði ráð fyrir 16,7 millj. jákvæðri afkomu fyrstu sex mánuði ársins. Skýringin er lægri tekjur vegna minni uppsjávarafla enda var landaður afli fyrstu sex mánuði ársins innan við 10% landaðs afla sama tímabils í fyrra. Rekstrarniðurstaða Dvalarheimilisins Nausts er einnig undir væntingum, þar munar 4,6 millj. frá áætlun, meginskýring þar er aukinn launakostnaður (12,3 millj.) vegna þyngri rekstrar. Rekstrarniðurstaða samstæðu er neikvæð um 35,9 millj. fyrstu sex mánuði ársins sem er 45,1 millj. lakari en áætlun gerði ráð fyrir og 28,6 millj lakari en samtíma rekstrarafkoma síðasta árs.



LANGANESBYGGÐ

Bókun U-lista:

U-listinn lýsir yfir áhyggjum sínum með rekstrarafkomu Langanesbyggðar.

Niðurstöður eru um 35 milljónir króna í mínus fyrstu 6 mánuðina og sýnir það að grípa þarf til aðgerða til að lagfæra rekstur sveitarfélagsins.

18. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir verkefni sem ekki eru tilgreind annarsstaðar. Lokið er við kaup á hesthúsi upp í Hálsi og unnið að frágangi leigusamnings. Sveitarstjóri átti fund með forsvarsmanni flugvalla hjá ISAVIA, komið var á framfæri ýmsum atriðum er varða framkvæmda- og viðhaldsþörf á vellinum. Unnið hefur verið að lóðarsamningum og tengdum málum, þar hefur okkur rekið svolítið upp á sker vegna misræmis í gögnum. Unnið er að úrlausn. Lokið er við sölu á Sandi og nú er beðið skjala úr þinglýsingu. Unnið er að öflun tilboða í tryggingar sveitarfélagsins, vonir standa til að hægt sé að kynna niðurstöðu á næsta fundi sveitarstjórnar. Samskipti hafa verið við forstöðumann þróunarsviðs Byggðastofnunar, ákveðið hefur verið að fulltrúar stofnunarinnar muni sækja okkur heim föstudaginn 9. september næstkomandi. Gert er ráð fyrir að fulltrúar stofnunarinnar muni funda með sveitarstjórn, tímasetning verður send út á allra næstu dögum.

19. Erindi frá U-lista - Urðunarmál í Langanesbyggð

a. Endurnýjun samnings við IG – staða mála

b. Moltugerð – framvinda athugana

Sveitarstjóri svaraði framkomnum spurningum. Unnið er að samningsgerð við Íslenska Gámafélagið (ÍG) og fékk sveitarstjóri, í kjölfar umræðna 49. fundi sveitarstjórnar, Bárð Árnason sér til liðveislu við að útfæra drög að samningi og draga saman upplýsingar um moltugerð. Frá þeim tíma hefur verið unnið að verkefninu en ekki náðist að ljúka við drög fyrir þennan fund. Þau verða lögð fyrir á næsta fundi sveitarstjórnar.

Unnið er í anda umræðna sem hafa verið í gangi og með það að markmiði að einfalda sem kostur er framkvæmd og eftirfylgni verksins.

20. Erindi frá U-lista -Finnafjarðarverkefnið – staða verkefnis

Sveitarstjóri fór yfir stöðu verkefnisins og svaraði spurningum. Að öðru leiti er vísað til liðar 14 hér að ofan.

U-listinn óskar eftir 10 mínútna fundarhléi kl. 18:47.

Fundur settur aftur kl. 18:57.

21. Erindi frá U-lista - Skrúðgarður – kostnaður og verkstaða

Sveitarstjóri fór yfir framkvæmdir. Á vordögum var af sveitarstjóra og forstöðumanni áhaldahúss ákveðið að ráðast í lagfæringar á skrúðgarði sveitarfélagsins og voru að ráði forstöðumanns fengnir til verksins garðyrkjufræðingar. Einnig unnu starfsmenn sveitarfélagsins að verkefninu enda var það álit okkar að með því fengist þekking inn í sveitarfélagið. Verkefnið fól í sér að hreinsa burtu gras úr beðum, jarðvegsbæta þau og bera í göngustíg. Þegar umræddu verkefni lauk þá var ekki löngu seinna ákveðið af sömu aðilum að reyna að halda áfram fegrun og endurbótum á skrúðgarðinum, þetta var



LANGANESBYGGÐ

m.a. ákveðið með hliðsjón af komu 18 manna hópi Veraldarvina. Ljóst er að þessu fylgdi kostnaður sem nú er verið að taka saman og verður samantektin send á sveitarstjórn í samræmi við óskir U-lista þar um.

22. Erindi frá U-lista - Sláttubíll – ósk eftir upplýsingum um möguleg kaup á sláttubíl og að kaup á henni verði tekin til afgreiðslu á fundinum

Lagðar voru fram upplýsingar um möguleg kaup á sláttubíl fyrir sveitarfélagið.

Bókun:

Lagt er til að sláttuvél sú sem sveitarfélagið hefur haft til prufu í sumar verði keypt með þeim hætti að gengið verði að tilboði söluaðila um frestun á greiðslu hluta kaupverðs til næsta árs og greiðsla þá fjármaöguð af fé til tækjakaupa.

23. Erindi frá U-lista - Fjárhagsáætlun 2016 – ósk um að fá afhent sundurliðaða fjárhagsáætlun eftir málaflokkum fyrir árið 2016

Afhent er fjárhagsáætlun Langanesbyggðar, á bls. 11 er málaflokkayfirlit fyrir árið 2016.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 19:30.